

UNDIRBÚNINGUR MYNDATÖKU

Með því að fylgja þessum leiðbeiningum næst bestur árangur úr myndatökunni og eignin er kynnt fyrir markaðnum í sínu besta ljósi.

Það fyrsta sem þarf að ákveða er hvaða rými skal mynda. Mikilvægustu rýmin eru stofa, eldhús, baðherbergi og hjónaherbergi. Bílskúrar og þvottahús eru sjaldan mynduð nema ef lítið er af dóti og fínar innréttingar. Oft er gott að nota þvottahús, geymslu eða jafnvel bílskúr til að flytja það sem ekki á að sjást á myndum í. Ef það er ekki mögulegt er gott að velja eitt herbergi til að flytja allt dót inn í og enda svo myndatökuna á því.

Almennt:

- Skoðaðu lýsingu rýmisins. Dragðu frá gardínur og reyndu að hleypa eins mikilli náttúrulegri birtu og mögulegt er. Kveiktu á öllum ljósum og lömpum.
- Gólfmottur geta látið rými virka minni á myndum svo gott er að fjarlægja þær.
- Fækkið eða fjarlægið flíkur úr fatahengi í forstofu og fjarlægið skó.
- Fjarlægðu alla óþarfa hluti af gólfum, t.d gæludýrarúm/búr, vatnsskálar, leikföng, ruslafötur og annað slíkt.
- Hafðu slökkt á sjónvörpum, tölvuskjáum og loftviftum.
- Reyndu að fela rafmagnssnúður sem liggja í tæki eða lampa/ljós.

Eldhús:

- Fjarlægðu allt af ísskápshurð, eins og segla og minnisblöð.
- Fjarlægðu smáhluti af eldhúsbekkjum. Ágætt er að hafa eitthvað þó t.d hrærivélina, kaffivél og fleira í þeim dúr.
- Fjarlægðu uppþvottaefni, uppþvottabursta, þurrkgrindur og viskustykki.
- Fjarlægðu eldhúsrúllur.
- Strjúktu af ofni, ísskápi og öðrum gljáflötum.
- Fjarlægðu hluti ofan af skápum.
- Raðið stólum við borð.

Baðherbergi:

- Fjarlægðu allar vörur s.s sjampóbrúsa, tannbursta, raksköfur, hárbólásara af skápum, baði og sturtu. Þó geta tvö/þrjú falleg ilmavatnsglös lífgað upp á rýmið.
- Þrífðu spegla.
- Dragðu sturtuhengi frá ef það er til staðar.
- Fjarlægðu handklæði af handklæðaofnum og einnig baðmottur.
- Samanbrotin handklæði mega vera á vaskaborði.
- Fjarlægðu salernisbursta og ruslatunnu og settu nýja rúllu af salernispappír.
- Hafðu salernissetu lokaða.

Svefnherbergi:

- Hafðu helst rúmteppi á rúmi en ef það er ekki til þá samstæð rúmföt.
- Fjarlægðu allt af náttborðum nema þá eina bók eða lampa ef hann er til staðar.
- Fjarlægðu föt af snögum og fatahengi.
- Taktu dót ofan af skápum
- Lokaðu öllum skápum.
- Hafðu kveikt á lömpum.

Borðstofa/Stofa:

- Stundum má fækka stólum eða öðru viðlíka í stofu til að opna rýmið. Ljósmýndarinn kemur með ábendingar ef slíkt hjálpar og færir til.
- Ef arinn er til staðar kveikið upp í honum rétt áður en ljósmýndarinn kemur.
- Takið fjarstýringar og slökkvið á sjónvarpi.
- Raðið stólum. Góð regla er að hafa aldrei stól við enda borðs því hann lokar rýminu á mynd.
- Gangið frá púðum. Gott er að hafa ekki fleiri en einn/tvo púða í sófa.

Utandyra:

- Taktu til í garðinum og innkeyrslu/aðkomu. Fjarlægðu óþarfa hluti eins og leikföng, hjól og garðverkfæri. Rúllaðu upp slöngum og raðaðu garðhúsgögnum.
- Sláðu garðinn að sumri til. Ef snjór er að vetri skaltu moka aðkomu hússins.
- Færðu bíla og annað færanlegt úr innkeyrslunni þannig að húsið sjáist óhindrað.
- Færðu lausar ruslatunnur ef þær standa framan við hús.